

Ársskýrsla SOS Barnaporpanna á Íslandi

2023



SOS
BARNAPORPIN



Efnisyfirlit

Inngangur	4
Frá framkvæmdastjóra	7
Árið í hnotskurn.....	8
Styrktarleiðir SOS.....	11
Fækkun SOS-foreldra.....	13
Fjáröflunarverkefni í Króatíu	14
Í SOS fréttum er þetta helst	16
Úr sárafátækt í múrsteinaframleiðslu	22
Fannst við lánsöm að eignast barn á Íslandi	24
Stríð í Úkraínu - Ímyndunaraflið var í molum	26
Eva Ruza nýr velgjörðasendiherra.....	27
Safnað fyrir Gaza.....	29
Stríð í Súdan	30
Þróunar- og mannúðarverkefni	32
Skólamál.....	34
Lykiltölur.....	36
Fjármál	37
SOS fólkíð á Íslandi 2023	38

© SOS Barnaþorpin
Hamraborg 1, 200 Kópavogi
Sími: 564-2910
Netfang: sos@sos.is

Umsjón og ritstjórn: Hans Steinar Bjarnason
Fjármálatölur: RakeL Lind Hauksdóttir
Ljósmyndir: SOS Children's Villages og SOS Barnaþorpin á Íslandi
Umbrot og hönnun: Ása Thorsen

Inngangur

SOS Barnaþorpin eru fyrst og fremst barnahjálpar samtök sem veita munaðarlausum og yfirgefnum börnum staðgengil fyrir þá fjölskyldu sem þau hafa misst. SOS Children's Villages eru stærstu óháðu hjálpar samtök heims sem einblína á börn án foreldraumsjár og jafnframt á ósjálfbjarga barnafjölskyldur í sárafátækt. Aðaláhersla SOS Barnaþorpanna er á að börn þrífist best í fjölskylduumhverfi við ást og umhyggju foreldra eða umsjónarfólks, ásamt systkinum sínum á stað sem þau geta kallað heimili. Samtökin voru stofnuð í Austurríki í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar árið 1949 af Hermann Gmeiner. Starfsemin á Íslandi hófst árið 1989 og felur eingöngu í sér fjáröflun fyrir erlend verkefni og þjónustu við styrktaraðila hér á landi.

Frá stofnun SOS er áætlað að starf samtakanna hafi með beinum og óbeinum hætti haft jákvæð áhrif á líf 13 milljóna manna. Samtökin hafa með beinum hætti framfært fjórum milljónum barna frá upphafi og haft þannig einnig jákvæð áhrif á líf 9 milljóna afkomenda þeirra. Með því að stöðva hringrás aðskilnaðar hafa þessi börn alið af sér aðrar kynslóðir barna sem njóta góðs af starfi samtakanna.

Umfang starfseminnar

SOS Barnaþorpin starfa í yfir 130 löndum og landsvæðum, óháð stjórnámálum og trúarbrögðum. Á árinu var Rússlandi vikið úr alþjóðasamtökunum og starfsemi hætt í Alsír. Ísland er eitt af sjö aðildarlöndum sem sinnir eingöngu fjáröflun en er ekki með innanlandsverkefni. Samtökin hafa beina umsjá með um 69.000 börnum og ungmennum allan sólarhringinn. Umönnun barnanna er í 1.325 starfseiningum, þar af í 544 barnaþorpum sem er elsta og þekktasta fyrirkomulag starfseminnar. Aðrar starfseiningar umönnunar barnanna eru tíma-bundin og hefðbundin fósturheimili, ungmennaheimili og önnur umönnun. SOS Barnaþorpin reka einnig fjölda leikskóla, grunnskóla, verknámsskóla og heilsugæslustöðva auk þess að sinna almennu mannúðarstarfi, svo sem þróunar- og mannúðaraðstoð auk ýmissa umbóta-verkefna, allt í þágu barna og velferðar þeirra.

Umfangsmikill þáttur í starfsemi SOS Barnaþorpanna er forvarnarstarfið fjölskylduefling. Markmið fjölskyldueflingar SOS er að forða börnum frá aðskilnaði við illa stadda foreldra sína með því að efla foreldrana til fjárhagslegs sjálfstæðis. Árið 2023 voru starfrækt alls 676 verkefni í fjölskyldueflingu SOS víða um heim og eru þrjú þeirra fjármögnuð af SOS á Íslandi; í Eþíópíu, Malaví og Rúanda. Skjólstæðingar í íslensku verkefnunum eru nærri tvö þúsund manns, þ.e. börn, ungmenni og foreldrar þeirra. SOS Barnaþorpin náðu á heimsvísu til alls 541.500 einstaklinga með fjölskyldueflingu á árinu 2023, þ.e. barna, ungmenna og foreldra þeirra. Það eru 103.500 fjölskyldur. Starfsemi SOS Barnaþorpanna náði til þriggja milljóna barna, ungmenna og fullorðinna á árinu 2023.

Hans Steinar Bjarnason
Upplýsingafulltrúi SOS Barnaþorpanna á Íslandi

Umfang starfsemi SOS Barnaþorpanna árið 2023

Starfseiningar	Fjöldi	Börn og ungmenni
SOS barnaþorp	544	35.200
Önnur umönnun	297	13.900
Sjálfstæð búseta undir eftirliti	484	19.900
Samtals	1.325	69.000

Menntun	Fjöldi	Nemendur
Leikskólar	218	30.300
Skólar á barna- og unglíngastigi	187	174.400
Verkmenntaskólar	170	34.200

Heilbrigðisþjónusta	Starfseiningar	Einstaklingar
Þjónustustöðvar	60	122.900
Fæðingarheimili í Sómalíu	1	531.700
Samtals	61	654.600

	Fjöldi verkefna	Einstaklingar
Mannúðaraðstoð	93	1.385.800
SOS fjölskylduefling	676	541.500
Samfélagsefling	32	8.300
Önnur verkefni	80	95.500

Samtals árið 2023 2.993.600

Alls 103,500 fjölskyldur nutu góðs af fjölskyldueflingu SOS á árinu.

Tilfinningaleg
tengsl
foreldra við
börn geta
breytt heiminum

EITT AF HVERJUM TÍU BÖRNUM

Sem barn, þarftu á einhverjum að halda sem er ekki sama um þig - einhverjum sem stendur með þér skilyrðislaust. Þó er það þannig í dag að eitt af hverjum tíu börnum og ungmennum eru aðskilin frá fjölskyldum sínum, yfirgefin, vanrækt eða búa við ofbeldi. Þau alast upp án þess stuðnings sem þau þurfa til að leggja grunn að fullorðinsárunum.

Þetta gerist í öllum löndum, hjá ríkum og fátækum - í öllum borgum og öllum samfélögum. Afleiðingarnar eru oft varanlegar og úr verður skaðlegur vítahringur sem endurtekur sig milli kynslóða.

Starf SOS Barnaþorpanna snýst um að breyta þessu.

3 m



Hjálparstarf SOS náði til **3 milljóna** manna árið 2023

107



Íslendingar styrkja börn í **107** löndum

130



SOS Barnaþorpin starfa í yfir **130** löndum og landsvæðum

1,4 m



Neyðaraðstoð SOS náði til **1,4 milljóna** manna árið 2023

69.000



69.000 börn og ungmenni eru á framfæri SOS

843 kr



843 krónur af hverju **1.000** króna framlagi renna í sjálft hjálparstarfið

541.000



541.000 börn, ungmenni og foreldrar þeirra í sárafátækt fá betra líf í fjölskylduefningu SOS.

21.000



Um **21.000** Íslendingar styrktu SOS á árinu 2022

10.284



10.284 Íslendingar styrktu starf SOS Barnaþorpanna með mánaðarlegu framlagi

9.052



Um **9.052** börn og ungmenni eiga íslenska SOS-foreldra

Frá framkvæmdastjóra

Árið 2023 var gott ár í rekstri SOS Barnaþorpanna á Íslandi. Aldrei hafa tekjur samtakanna verið hærrí og nutu þúsundir barna víða um heim góðs af stuðningi Íslendinga við samtökin. Helst vekur líklega athygli hækkun á tekjum milli ára. Hækkuðu þær um 13% frá fyrra ári eins og fjármálastjóri kemur betur inn á hér síðar í skýrslunni.

Þrátt fyrir mikla hækkun tekna fækkaði mánaðarlegum styrktaraðilum um 89 á milli ára og voru þeir 10.653 um áramótin. Gerðar voru þær breytingar á styrktarleiðum að vilji maður styrkja heilt barnaþorp í stað eins barns í barnaþorpi, kallast það ekki lengur barnaþorpsvinur, heldur SOS foreldri allra barna í þorpinu. Þeir sem fyrir voru barnaþorpsvinir tóku vel í nafnabreytinguna og margir þeirra hækkuðu mánaðarlegt framlag sitt við breytinguna.

Fjáröflun gekk vel á árinu eins og reikningar ársins sýna. Fjáröflun er síbreytileg og þurfum við stöðugt að endurmeta fjáröflunarleiðir út frá kostnaði og tekjum en einnig út frá breytingum í samfélaginu. Þannig hættum við að gefa út ný jólakort á árinu vegna hækkandi dreifingakostnaðar og minnkandi sölu. Að sama skapi hélt dreifingakostnaður SOS blaðsins áfram að hækka og hafa samtökin hætt að gefa út prentað blað, a.m.k. í bili.

Erfðaskrá Baldvins Leifssonar, sem SOS Barnaþorpin fengu veður af í október 2022, nokkrum mánuðum eftir andlát Baldvins, reyndist geyma þá hinstu ósk hans að SOS Barnaþorpin fengju nánast allar eigur hans. Lögmaður eina lögerfingja Baldvins reyndi að fá erfðaskrána ógilda og fór nokkurt púður í það hjá samtökunum allt árið 2023, bæði í tíma og fjármunum, að verja þessa hinstu ósk Baldvins. Með ákvörðun Hæstaréttar í mars 2024 fékkst erfðaskráin endanlega staðfest og erfa því SOS Barnaþorpin eignir Baldvins. Áður höfðu bæði Héraðsdómur og Landsréttur staðfest erfðaskrána. Kemur gjöfin inn á ársreikning næsta árs.

Breytingar urðu á hópi velgjörðasendiherra SOS Barnaþorpanna þegar við kvöddum Vilborgu Örnú Gissurar-dóttur og buðum Evu Ruzu velkomna í hópinn. Vilborgu Örnú eru þökkun frá þessum störf í þágu samtakanna. Auk Evu eru Eliza Reid, Rúrik Gíslason og Hera Björk Þórhallsdóttir velgjörðasendiherrar SOS.

Engar breytingar urðu á starfsmannahópi samtakanna hér á landi. Stöðugildi voru 5,7 og voru SOS Barnaþorpin á Íslandi útnefnd Fyrirmyndarfyrirtæki VR annað árið í röð. Áfram vann starfsfólk og stjórn að góðum og bættum stjórnarháttum og má nefna sem lið í þeirri þróun að tilnefninganefnd hóf störf, en henni er ætlað að stuðla að faglegu vali á fólk í stjórn samtakanna.

Enn eitt árið sýndu SOS Barnaþorpin að hægt er að styðja við börn í neyð og gera heiminn ögn betri. Ekkert af þessu hefði þó verið mögulegt án styrktaraðilanna. Takk fyrir að vera með okkur í þessu mikilvæga verkefni!

“

Fjáröflun er síbreytileg og þurfum við stöðugt að endurmeta fjáröflunarleiðir út frá kostnaði og tekjum en einnig út frá breytingum í samfélaginu.



Ragnar Schram

Framkvæmdastjóri SOS Barnaþorpanna á Íslandi



843 kr
af hverjum
1.000 kr
runnu í sjálft
hjálpstarfið

722 m



Heildarframlög
styrktaraðila SOS
2023

Árið í hnotskurn

Á árinu 2023 styrktu 20.857 einstaklingar og 579 lögaðilar SOS Barnaþorpin á Íslandi, ýmist með mánaðarlegum framlögum, stökum eða bæði. Framlög einstaklinga og lögaðila námu 624,6 milljónum kr. á árinu en voru 616,6 árið 2023. Opinber framlög hækkuðu milli ára og námu 97,4 milljónum kr., samanborið við 94,8 milljónir kr. árið 2022. Þannig námu heildarframlög styrktaraðila 722 milljónum kr. á árinu 2022 og hækkuðu þau um 10,5 milljónir kr. milli ára.

Þrátt fyrir að framlög styrktaraðila hafi hækkað um 10,5 milljónir kr. milli ára nam hækkun heildartekna samtakanna 95,5 milljónum og voru 800 milljónir kr. árið 2023. Skýrist það þannig að liðurinn fjármagnstekjur og gengishagnaður/tap var jákvæður um 75 milljónir á árinu 2023 á meðan hann var neikvæður um 10 milljónir kr. á árinu 2022.

Frá stofnun samtakanna hér á landi hefur almenningur stutt dyggilega við starfið og var þar engin undantekning á árinu 2023. Af þeim 722 milljónum sem söfnuðust frá styrktaraðilum kom 84% styrkja frá almenningi eða rúmar 600 milljónir kr. Stærsti hluti af framlögum til SOS á Íslandi kemur frá SOS-foreldrum sem við sendum til barnaþorpa í 107 löndum.

Sem fyrr voru stök framlög eins og valkröfur stór hluti heildarframlaga auk sölu á jóla-, minningar- og gjafakortum. Sú breyting varð að útgáfu á nýjum jólakortum var hætt vegna hækkandi kostnaðar en eldri jólakort á lager eru áfram til sölu. Börn styrktu SOS með ágóða af skemmtilega fjölbreyttum fjáröflunarleiðum sem fyrr og er alltaf ánægjulegt að verða vitni af því hvað íslenskum börnum er umhugað um jafnaldra sína sem búa við aðrar aðstæður annarsstaðar í heiminum.

Af heildartekjum ársins var hlutfall skrifstofu- og stjórnunarkostnaðar 17,5% sem er fyrir neðan viðmið okkar um 20% þak á rekstrarkostnaði. Þess ber þó að geta að inni í þeirri tölu er launakostnaður vegna beinnar umsýslu starfsfólks hér á landi við erlend- og innlend verkefni. Þegar leiðrétt hefur verið fyrir launakostnaði erlendra- og innlendra verkefna nemur kostnaðarhlutfallið 15,7%. Þetta þýðir að á árinu 2023 runnu 843 krónur af hverju eitt þúsund króna framlagi í sjálft hjálpstarfið.

Rakel Lind Hauksdóttir

Fjármála- og fjáröflunarstjóri SOS Barnaþorpanna á Íslandi



SOS-foreldrar (stakra barna)

Til eru ýmsar leiðir til að styðja við starf SOS Barnþorpanna en sú þekktasta er án efa styrktarforeldraleiðin SOS-foreldri. Það er sem fyrr langfjölmenntasti hópurinn sem telst til mánaðarlegra styrktaraðila, þ.e. þeirra sem hafa skuldbundið sig til mánaðarlegra greiðslna. Þeir greiða mánaðarlega upphæð, 3.900 krónur að lágmarki, sem gerir samtökunum kleift að veita umkomulausu barni fjölskyldu á góðu heimili. Þessi styrktarupphæð, 3.900 krónur á mánuði, hefur staðið í stað síðan 2018 en undanfarin misseri hefur styrktaraðilum verið boðið að hækka upphæðina og það hafa margir samþykkt á meðan aðrir vilja halda henni óbreyttri.

SOS-foreldrar stakra barna fá bréf tvisvar á ári frá barnþorpinu sem styrktarbarnið býr í. Í öðru bréfinu er mynd af barninu og persónulegar upplýsingar um það en í hinu bréfinu eru almennar myndir og fréttir af lífinu í barnþorpinu.

SOS-foreldrar (allra barna)

Sumir vilja styrkja börnin í barnþorpunum án þess að tengjast þeim með sama hætti og hinir hefðbundnu SOS-foreldrar, þ.e. að fá persónulegar upplýsingar um börnin og myndir af þeim. Fyrir þá sem það kjósa er hægt að gerast SOS-foreldri allra barna, þ.e. allra barnanna í einu tilteknu barnþorpi. Þessi styrktarleið hét áður SOS-barnþorpsvinur en til einföldunar var hún felld undir nafn hinnar kunnna styrktarleiðar SOS-foreldri. SOS-foreldrar allra barna greiða 4.500 krónur á mánuði og er framlagi þeirra varið í rekstur barnþorpsins svo tryggja megi öryggi og velferð þeirra barna sem þar búa. SOS-foreldrar allra barna fá tvisvar á ári senda skýrslu um lífið í barnþorpinu og helstu viðburði sem þar hafa átt sér stað.

Lífið í barnþorpi

Börnin sem búa í SOS barnþorpunum stunda nám og fá öllum grunnþörfum sínum mætt. Mikil áhersla er lögð á að heimilin séu laus við allan stofnanabrag en hvert heimili er athvarf einnar fjölskyldu, rétt eins og flest mannleg samfélög vilja hafa hlutina sem heimilislegasta.

Í hverri SOS fjölskyldu eru oftast sex til tíu börn á mismunandi aldri og af báðum kynjum. Öll börnin eiga því nokkur systkini. Höfuð fjölskyldunnar er SOS-móðirin eða -faðirinn sem hefur hlotið menntun í að sinna börnum sem mörg hver hafa upplifað miklar hörmungar. SOS-mamman/pabbinn sér um að börnin búi við öryggi, umhyggju og ást. Börnin sækja skóla í nágrenninu eða skóla sem samtökin hafa reist og eru viðurkenndir af yfirvöldum hvers lands.

SOS-fjölskyldur utan barnaþorpa

Undanfarin ár hefur fjölbreytni aukist í umönnun barna hjá samtökunum og þeim fjölga SOS-fjölskyldunum sem búa utan barnaþorpanna. Yfirvöld víða um heim eru í auknum mæli að afstofnanavæða umönnun munaðarlausra barna, þ.e. leggja niður ýmisskonar uppeldisstofnanir, og jafnvel þó SOS Barnaþorpin séu andstæðan við stofnun fellur skilgreining á starfsemi SOS undir starfsemi stofnana í mörgum löndum víða um heim. Það hefur alltaf verið einkenni SOS Barnaþorpanna að sjá fylgdarlausum börnum fyrir persónulegri og fjölskylduvænni umönnun. Þær breytingar sem samtökin eru að ganga í gegnum fela í sér að fjölskyldur flytjast m.a. inn í almenn íbúðahverfi en heyra þó áfram undir starfseiningar SOS Barnaþorpanna sem sjá um rekstur hvernar fjölskyldu.

Í hvað fer framlag SOS-foreldra?

Framlag SOS-foreldra fer í framfærslu og velferð styrktarbarnsins. SOS-foreldrar geta einnig gefið barninu peningagjafir inn á framtíðarreikning sem barnið fær þegar það yfirgefur þorpið og fer að standa á eigin fótum. Sú fjárhæð rennur óskert til barnsins. Algengt er að slíkar gjafir nýtist í áframhaldandi nám, útborgun í íbúð eða kostnað við að koma á laggirnar atvinnurekstri. Heildarupphæð framtíðargjafa frá íslenskum SOS-foreldrum á árinu var um 14,3 milljónir króna.



Fjölskylduvinir

SOS-fjölskylduvinir styrkja fjölskyldueflingu SOS. Tilgangurinn með fjölskyldueflingu er að koma í veg fyrir að börn verði vanrækt og yfirgefin. Í fjölskyldueflingu SOS tókum við fyrstu skrefin með fjölskyldum út úr sárafátækt svo þær getið staðið á eigin fótum og veitt börnunum betri framtíð. SOS Barnaþorpin líta svo á að best sé fyrir börn að alast upp hjá kynforeldrum sínum og systkinum. Því miður eru aðstæður fjölmargra fjölskyldna þó slíkar að foreldrar neyðast til að láta börnin frá sér, tímabundið eða varanlega. SOS-fjölskylduvinir styðja við þessi verkefni með mánaðarlegu framlagi að eigin vali frá 1.500 krónum og upp úr og fá reglulega uppþingapóst um verkefni sem þeir styrkja.

SOS Barnaþorpin vinna í nánú samstarfi við samfélög, samstarfsaðila og yfirvöld á hverju svæði fyrir sig í þessum tilgangi. Þegar nauðsynlegt þykir og talið er vera í hag barnsins er gripið til næstu möguleika sem eru að barnið alist annað hvort upp hjá fósturfjölskyldu eða SOS-fjölskyldu. SOS Barnaþorpin á Íslandi fjármagna fjölskyldueflingu í þremur löndum sem öll eru í Afríku, í Eþíópíu, Malaví og Rúanda. Í hverju landi eru skjólstaðingar um það bil 1.600 börn, ungmenni og foreldrar þeirra.

Neyðarvinir SOS


Eftir að stríð brutust út í Úkraínu og á Gaza í Palestínu jókst þörf fyrir mannúðaraðstoð á þessum svæðum. SOS Barnaþorpin hafa starfað í áratugi í Úkraínu og Palestínu og eru samtökin því vel til þess fallin að sinna neyðaraðgerðum þar. Oft þegar SOS Barnaþorpin ráðast í neyðaraðgerðir gefst almenningi kostur á að leggja sitt af mörkum með stökum framlögum í neyðarsöfnun. Stærðargráða neyðarinnar í Úkraínu og Palestínu er þó slík að SOS Barnaþorpin á Íslandi ákváðu að bjóða einnig upp á mánaðarlegar styrktarleiðir fyrir neyðaraðgerðir SOS þar. Samhliða þessum valmöguleika gefst almenningi einnig kostur á styrkja beint SOS barnaþorpið í Rafah á Gaza með því að gerast SOS-foreldri barna á Gaza.

Fækkun SOS-foreldra

Stuðningur Íslendinga við umkomulaus börn í gegnum SOS Barnaþorpin er eftirtektarverður í aðildarlöndum SOS og fyllir það okkur stolti og þakklæti. Sjöunda árið í röð eru mánaðarlegir styrktaraðilar fleiri en tíu þúsund en þeim fækkaði lítillega á milli ára. SOS-foreldrum fækkaði um 41 og fjölskylduvinum fækkaði um 48. Sem fyrr skipti desembermánuður sköpum í fjáröflun en í þeim mánuði bættust tæplega 200 nýir SOS-foreldrar í hóp styrktaraðila. Eins og fyrr segir er starfið að mestu leyti fjármagnað af einstaklingum og það er vegna þeirra sem samtökin geta unnið þetta starf.

Mánaðarlegir styrktaraðilar á Íslandi í lok árs 2023		
Mánaðarlegir styrkir	Fjöldi	Breyting
SOS-foreldrar	9.686	-41
Fjölskylduvinir	967	-48
Mánaðarlegir alls	10.653	-89

Fram til ársins 2019 fjölgaði mánaðarlegum styrktaraðilum mikið en frá þeim tíma hefur fjöldi þeirra nokkurn veginn staðið í stað. Áhrif heimsfaraldursins Covid-19, stýrivaxtahækkunar og verðbólga hafa gert síðustu ár krefjandi fyrir okkur öll. Segja má að nokkur óvissa hafi ríkt í samfélaginu síðustu misseri sem hefur leitt til þess að einhverjir styrktaraðilar hafi þurft frá að hverfa en að sama skapi hafa nýir bæst hópinn.





EVA RUZA Í KROATÍU

Fjáröflunarverkefni í Króatíu

Gerð sjónvarpsþátta um starf SOS Barnaþorpanna hefur sannað sig sem ein árangursríkasta leiðin í fjáröflun samtakanna, sérstaklega við fjölgun SOS-foreldra. Þetta sýna tölur skýrt í tengslum við sýningu á slíkum þáttum. Við gerð svona þátta er lögð áhersla á að sögupersónan hafi tengsl við SOS Barnaþorpin og sé um leið frambærileg sjónvarpspersóna sem þekkt er meðal almennings og nái því til sem flestra. Skemmtikrafturinn og fjölmiðlakonan Eva Ruza uppfyllir þessi skilyrði auk þess sem hún hefur einstaka sögu að segja af sér og fjölskyldu sinni sem sýnir hjartnæm tengsl við samtökin. Eva, systur hennar og foreldrar styrkja öll börn í sama barnaþorpinu í Króatíu, alls fjögur börn. Faðir þeirra er Króati sem flutti til Íslands fyrir hálfri öld og því á fjölskyldan sterkar rætur í Króatíu.

Í samvinnu við SOS Barnaþorpin í Króatíu var undirbúin heimsókn þangað með Evu og systur hennar tvær til að heimsækja styrktarbörnin. SOS Barnaþorpin gerðu samning við RÚV um framleiðslu sjónvarpsþátta sem tekinn var upp í Króatíu í september og sýndur á RÚV um páskahelgina 2024. RÚV greiddi stærstan hluta framleiðslukostnaðar þáttarins, þ.m.t. laun kvikmyndagerðarmanns sem sá um tækur og leikstjórn, auk allrar eftirvinnslu á þættinum. Sá kostnaður sem féll á SOS á Íslandi var eingöngu hótél- og ferðakostnaður leikstjórans og Evu Ruzu auk þess sem framleiðandi SOS, Hans Steinar Bjarnason, upplýsingafulltrúi, var með í för. Systur Evu, þær Tinna og Dubravka fóru í ferðina á eigin vegum.

Árangur af þessu verkefni varð strax sýnilegur meðan á tökum stóð og má því þakka umfjöllun Evu og systra hennar á samfélagsmiðlum og í fjölmiðlum. 73 nýir SOS-foreldrar skráðu sig í september og voru það um 40 fleiri en mánuðina á undan og eftir, ágúst og október. Umfjöllunin var einnig örvandí fyrir aðrar styrktarleiðir og þá eru úpptalin þau áhrif sem sú umfjöllun hafði á vitundarvakningu um samtökin á Íslandi fyrir komandi mánuði, þ.m.t. hinn mikilvæga fjáröflunarmánuður desember. Sýning þáttarins á RÚV í mars 2024 átti eftir að skila enn meiri stuðningi og verður það til umfjöllunar í næstu ársskýrslu.



Í SOS fréttum er þetta helst

Rúrik og Malika dönsuðu til sigurs í jólaþættinum og verðlaunaféð rann til SOS á Íslandi.



Ein og hálf milljón króna vegna sigurs Rúriks í danskeppni

SOS Barnaþorpunum barst styrkur upp á rúma eina og hálf milljón króna vegna sigurs Rúriks Gíslasonar í jólaþætti þýsku sjónvarpsþáttaradharinnar Let's dance. Verðlaunafé í þættinum rann til góðgerðarmála og valdi Rúrik sem fyrr að láta sinn skerf renna til SOS á Íslandi, tíu þúsund evrur. Rúrik er velgjörðasendiherra SOS á Íslandi. Dansfélagi Rúriks í jólaþættinum var atvinnudansarinn Malika Dzumaev. Þátttakendur í Stóra jólaþættinum voru sigurvegarar og efstu keppendur úr undanförunum þáttaröðum Let's dance en Rúrik stóð einmitt uppi sem sigurvegari í þáttaröðinni árið 2021.

Opnað á brottvikningu Rússlands

Á fundi alþjóðastjórnar SOS Barnaþorpanna þann 2. mars var ákveðið að hefja undirbúning að tímabundinni brottvikningu SOS Barnaþorpanna í Rússlandi úr alþjóðasamtökunum. Þá hafa öll framlög til SOS Barnaþorpanna í Rússlandi verið fryst, þ.m.t. framlög frá íslenskum styrktaraðilum. Alþjóðasamtök SOS Barnaþorpanna hafa áhyggjur vegna þeirra fréttu að rússnesk stjórnvöld kunni að hafa numið úkraínsk börn á brott frá heimalandi sínu og flutt þau til Rússlands í SOS barnaþorp. Slíkar aðgerðir gætu verið brot á alþjóðlegum mannréttindalögum og flokkast sem stríðsglæpir.

SOS Barnaþorpin í Rússlandi eru að mestu fjárhagslega sjálfstæð. Aðeins um 6% kostnaðar við rekstur samtakanna koma frá öðrum löndum. Því gerum við ráð fyrir því að starfsemi samtakanna geti haldið áfram í Rússlandi og þau séð áfram fyrir þeim 600 börnum sem búið hafa í SOS Barnaþorpum í Rússlandi frá því fyrir stríðið, þrátt fyrir frystingu erlendra greiðslna.



Stjórn SOS. Frá vinstri; Hildur Hörn Daðadóttir, María F. Rúriksdóttir, Ólafur Örn Ingólfsson, Þorsteinn Arnórsson og Kristján Þ. Davíðsson.

Breyting á stjórn SOS á Íslandi

Breyting varð á stjórn SOS Barnaþorpanna á Íslandi á aðalfundi samtakanna sem haldinn var 8. maí. Þorsteinn Arnórsson, sem var fjármálastjóri samtakanna árin 2015 til 2020, var kjörinn í stjórn og tekur hann sæti Ingibjargar Elísabetar Garðarsdóttur sem verið hefur varamaður í stjórn frá 2017. SOS Barnaþorpin þakka henni fyrir vel unnin störf í þágu samtakanna. Ólafur Örn Ingólfsson var endurkjörinn í stjórn.

Alls mættu 20 manns á aðalfundinn að þessu sinni og þar af höfðu 13 þeirra atkvæðisrétt. Þetta er annað árið í röð sem aðalfundur SOS er haldinn eftir lagabreytingu þess efnis að fulltrúaráð var lagt niður og aukið vald fært til styrktaraðila. Þannig hafa allir skráðir félagar rétt til fundarsetu en þeir voru á þessum tímapunkti alls um 150 talsins. Í árslok voru þeir orðnir 159 og fer fjölgandi.

Fyrirmyndarfyrirtæki VR annað árið í röð

Annað árið í röð voru SOS Barnaþorpin á Íslandi meðal efstu fyrirtækja í vinnustaðakönnun V.R. og hlutu þar með titilinn Fyrirmyndarfyrirtæki í flokki lítilla fyrirtækja árið 2023. Hjá SOS Barnaþorpunum á Íslandi starfar fámennur hópur sem er samstilltur, stoltur af því að vinna fyrir samtökin og ánægður í starfi.

Þetta endurspegladist í niðurstöðu könnunarinnar þar sem vinnustaðurinn skoraði 4,79 af 5 mögulegum í lykilþáttum í vinnuumhverfi. Fyrirtækin í fimmtán efstu sætum í hverjum stærðarflokki fá viðurkenninguna Fyrirmyndarfyrirtæki 2023. SOS Barnaþorpin urðu í 9. sæti í flokki lítilla fyrirtækja og skarta því titilinum fyrirmyndarfyrirtæki V.R. 2023.



Eliza Reid, velgjörðasendiherra, afhenti viðurkenninguna fyrir hönd SOS Barnapörpanna.



SOS Barnapörpin í Malaví afhentu þrjú nýleg hús til heimilislausra fjölskyldna sem eru í fjölskyldueflingunni í Ngabu.

Sorgarmiðstöð hlaut fjölskylduviðurkenningu SOS

Sorgarmiðstöð hlaut hina árlegu fjölskylduviðurkenningu SOS Barnapörpanna fyrir mikilvægt starf í þágu barnafjölskyldna á Íslandi. Forsetafrú og velgjörðasendiherra SOS Barnapörpanna á Íslandi, Eliza Reid, afhenti viðurkenninguna fyrir hönd samtakanna sem veittu hana nú í sjöunda sinn á alþjóðlegum degi fjölskyldunnar, 15. maí.

„Í SOS barnapörpum um allan heim býr fjöldi barna sem hefur misst foreldra sína og/eða aðra ættingja og syrgir af þeim sökum. Sorgin er því vel þekkt viðfangsefni í barnapörpunum og fögnum við því öfluga og mikilvæga starfi sem Sorgarmiðstöð sinnir fyrir syrgjandi börn og fjölskyldur hér á landi,“ segir í umsögn valnefndar.

10 milljónir til Marokkó

SOS Barnapörpin á Íslandi sendu 10 milljónir króna til neyðarastoðar í Marokkó vegna jarðskjálfta sem reið þar yfir föstudagskvöldið 8. september. Íslendingar lögðu lóð sín á vogar-skálarnar með framlagi í neyðarsöfnun. Eyðileggingin er gríðarleg í Marokkó, þúsundir létu lífið og þörfin fyrir aðstoð er mikil.

Um 22 þúsund Íslendingar fengu endurgreitt frá Skattinum vegna framlaga til SOS

Hátt í 96.000 einstaklingar studdu við almannaheillastarfsemi á Íslandi árið 2022 og fengu endurgreiðslu frá Skattinum árið 2023. 22% þeirra styrktu SOS Barnapörpin eða alls 21.772 manns um rúmar 585 milljónir króna. Lög um skattalega hvata til almannaheillastarfsemi tóku gildi á síðari hluta ársins 2021 og var árið 2022 því fyrsta heila árið sem þau giltu. Lögin fela í sér að einstaklingar geta dregið allt að 350 þúsund krónur á ári frá skattskyldum tekjum sínum utan atvinnurekstrar vegna framlaga til almannaheillastarfsemi.

Viðbótarstuðningur vegna neyðaraðgerða í Malaví

SOS Barnapörpin á Íslandi veittu með stuðningi Utanríkisráðuneytisins tæplega þriggja milljóna króna viðbótarfjármagn til SOS Barnapörpanna í Malaví vegna náttúruhamfara. Fjármagninu var varið í neyðaraðgerðir á verkefnasvæði okkar í Ngabu þar sem SOS á Íslandi fjármagnar fjölskyldueflingu. Hitabeltisstormurinn Freddy gekk yfir í mars og olli manntjóni og gríðarlegri eyðileggingu.

SOS Barnapörpin í Malaví afhentu þrjú nýleg hús til heimilislausra fjölskyldna sem eru í fjölskyldueflingunni í Ngabu. Afhending húsanna var tilfinningaþrungin en hátíðleg. Fjölskyldurnar lýstu miklu þakklæti fyrir stuðninginn og að þessi mannvirki séu tákni um von og stöðugleika í lífi þeirra. Þessar fjölskyldur hafa ekki aðeins búið við sárafátækt heldur einnig misst húsnæði sín í náttúruhamförum eða af öðrum ástæðum.



360 barnafjölskyldur í Eþíópíu lausar úr viðjum sárafátæktar

Verkefnalok urðu í Tulu-Moye fjölskyldueflingu okkar í Eþíópíu sem hófst árið 2018. Árangurinn var framar vonum á þessum fimm árum og tókst að losa 360 barnafjölskyldur úr viðjum sárafátæktar, alls 1130 börn og ungmenni auk foreldra þeirra. Við tókum fyrstu skref-in með þessum fjölskyldum út úr sárafátækt með þeim eflandi aðferðum sem hafa reynst vel í sambærilegum verkefnum víða um heim. Foreldrarir í þessum fjölskyldum eru nú farnir að afla tekna sem þeir gerðu ekki áður, standa á eigin fótum og geta veitt börnunum betri framtíð.

Önnur fjölskylduefling í Eþíópíu

Við látum ekki deigan síga og höldum áfram vegferð okkar í að taka fyrstu skrefin með barnafjölskyldum út úr sárafátækt. Vinna er hafin við annað verkefni í Arba Minch sem er í sunnanverðri Eþíópíu. Þar munum við styðja við 635 börn og foreldra þeirra eða forráðafólk og mun fjölskyldueflingin þar hafa óbein jákvæð áhrif á 11 þúsund íbúa á svæðinu. Verkefnið er til þriggja ára og er áætlaður kostnaður þess rúmar 90 milljónir króna. Sem fyrr verður stærstur hluti hans fjármagnaður af utanríkisráðuneytinu auk framlaga SOS-fjölskylduvina.



Úr sárafátækt í múrsteinaframleiðslu

Medina er einstæð fjögurra barna móðir í smábænum Eteya í Eþíópíu. Eftir að eiginmaður hennar lést stóð Medina eftir ein með börnin og engar tekjur. Árið 2018 var staða fjölskyldunnar orðin svo alvarleg að börnin fengu ekki grunnþörfum sínum mætt og þau gátu auk þess ekki sótt skóla. Medina fékk þá inngöngu í fjölskyldueflingu SOS Barnaþorpanna sem SOS á Íslandi fjármagnaði og þremur árum síðar hafði henni heldur betur tekist að snúa taflinu við sér í vil.

Medina lærði múrsteinaframleiðslu og gekk inn í sparnaðar- og lánastarfsemi fjölskyldueflingarinnar. Fram að því hafði hún lokað sig af í húsmóðurhlutverkinu og vissi ekki að lausnin var handan við hornið. „Ég fór þá loks að hafa samskipti við heiminn fyrir utan gluggann. Þökk sé SOS Barnaþorpunum þá fór ég að eiga samskipti við fólk í nærumhverfi mínu,“ segir Medina.

Hún útskrifaðist úr fjölskyldueflingunni í desember 2021. Í dag rekur hún fjölskyldufyrirtæki sem framleiðir múrsteina og þénar nægar tekjur til að hafa fjölda fólks í vinnu auk þess að sjá vel fyrir börnunum sínum. Ekki nóg með það heldur gat Medina byggt sér nýtt, stærra og betra hús úr múrsteinum sem hún sjálf framleiddi. „Ég get ekki ímyndað mér hvernig lífið væri í dag ef ekki hefði verið fyrir SOS Barnaþorpin,“ bætir hún við.

Medina hefur með þessum mikla dugnaði sýnt okkur í sinni tærustu mynd af hverju fjölskylduefling SOS Barnaþorpanna er svona mikilvæg. Við tökum fyrstu skrefin með fjölskyldum út úr sárafátækt svo þær getið staðið á eigin fótum og veitt börnunum betri framtíð. Þessari fjölskyldueflingu lauk í lok árs 2023 og höfðu þá 360 fjölskyldur útskrifast, komist úr sárafátækt og orðið sjálfbærar. Fjölskylda Medinu er ein af þeim.

“

Ég get ekki ímyndað mér hvernig lífið væri í dag ef ekki hefði verið fyrir SOS Barnaþorpin





Yngsti strákurinn okkar fæddist 2009 og hefur alist upp frá þriggja ára aldri án ömmu og afa. Þetta hefur sannfært okkur enn frekar um að styðja við barn hjá SOS, því mörg þeirra barna áttu engan að en öðluðust tengsl í barnþorpunum – tengsl sem geta breytt lífi þeirra.

Fannst við lánsöm að eignast barn á Íslandi

Oft er sagt að það breyti sýn fólks á lífið að eignast barn. Við viljum börnunum okkar það besta og vitum að þau þurfa ást og umhyggju sinna nánustu til að dafna. Við vitum líka að mörg börn eru ekki svo heppin að eiga góða að. Hjónin Jakob Frímann Þorsteinsson og Vanda Sigurgeirs-dóttir höfðu nýlega eignast tvö elstu börnin sín um aldamótin þegar þau ákváðu að skrá sig sem SOS-foreldra lítils drengs í SOS barnþorpi í Bangladess.

„Við eignuðumst tvö eldri börnin okkar árin 1998 og 2000 og ákváðum í framhaldinu að styðja barn hjá SOS. Okkur fannst við lánsöm að eignast barn á Íslandi og langaði að styðja við barn sem hefði ekki sömu uppeldisskilyrði og okkar börn. Okkur fannst þetta táknað og við vildum nota tækifærið til að láta gott af okkur leiða.“

Í gegnum upplýsingaréf og myndir fylgdist fjölskyldan með uppvexti drengsins í 19 ár eða þangað til hann flutti úr barnþorpinu. „Svo var hann orðinn fullorðinn og farinn að standa á eigin fótum. Við vildum samt halda áfram og styðjum nú við annan dreng frá sama landi. Báðum hefur þeim vegnað vel og það er alltaf gaman að lesa um framfarir þeirra og þroska. Við finnum fyrir þakklæti alla leið frá Bangladess.“

Mesta sorgin að börnin okkar áttu ekki ömmu og afa

Höfuðáherslan í starfi SOS Barnþorpanna er á að börn þrífist best í fjölskylduumhverfi við ást og umhyggju. Það er staðreynd að mikilvægt er að mynda tengsl við börnin okkar og barnabörn því það byggir dýrmætan grunn að framtíð barnanna. Jakob og Vanda skynja sterkt þessa tengingu við SOS Barnþorpin. Þau misstu bæði foreldra sína of snemma til að börn þeirra hjóna næðu að mynda þessi tengsl við ömmur sínar og afa.

„Okkur finnst við hafa misst foreldra okkar allt of snemma. Þetta er mesta sorgin í lífi okkar og við foreldrarnir erum sorgmædd fyrir hönd barnanna okkar að hafa þetta dásamlega fólk ekki í lífi okkar. Við höfum því fundið það á eigin skinni hversu dýrmætt það er fyrir börnin að eiga tengsl og hversu vont það er að eiga þau ekki,“ segir Jakob.

Elsti sonur þeirra hjóna man aðeins eftir föðurafa sínum, bæði eldri börnin muna eftir foreldrum Vöndu en voru samt bara 12 og 14 ára þegar pabbi hennar dó og þar með áttu þau hvorki ömmu né afa á lífi. „Yngsti strákurinn okkar fæddist 2009 og hefur alist upp frá þriggja ára aldri án ömmu og afa. Þetta hefur sannfært okkur enn frekar um að styðja við barn hjá SOS, því mörg þeirra barna áttu engan að en öðluðust tengsl í barnþorpunum – tengsl sem geta breytt lífi þeirra.“

Úr viðtali við Vöndu og Jakob í SOS-blaðinu, 1. tbl. 2023.



Eliza, Hera Björk, Eva Ruza og Rúrik eru velgjörðasendiherar SOS á Íslandi.

Stríð í Úkraínu - Ímyndunaraflið var í molum

Dag einn fór móðir *Alexanders, 12 ára drengs í Kænugarði, að taka eftir breytingum í hegðun hans. Stríðið í Úkraínu kemur fram í ýmsum myndum og sýnir m.a. hversu varnarlaus börn geta verið. Alexander átti það til að frjósa í miðri líkamshreyfingu og gerði allt miklu hægar en venjulega. Hann var ítrekað að gleyma og fór að hafa óeðlilega miklar áhyggjur af heilsu móður sinnar eftir að þau flúðu átök í Donetsk-héraði. Kvíðastig drengsins var svo hátt að hann gat ekki greint einfalda hluti í sálfræðitíma.

„Ímyndunaraflið hans var í molum sem er mjög slæmt því ímyndun leikur stóran þátt í bataferlinu eftir sálrænt áfall," segir Olga Penzur, sálfræðingur hjá SOS Barnaþorpunum í Úkraínu. Henni tókst að lokum að hjálpa Alexander litla að jafna sig. „Við byrjuðum að vinna í að fá hann til að hleypa tilfinningunum út. Fyrsta skrefið var að gera öndunaræfingar og það gaf góða raun. Ég hélt svo áfram með aðrar aðferðir og í dag líður Alexander miklu betur," segir Olga.

SOS Barnaþorpin hafa starfað fyrir varnarlaus börn og fjölskyldur í Úkraínu í yfir 20 ár og hófu strax neyðaraðgerðir þegar stríðið braust út í febrúar 2022.

**Skáldað nafn af persónuverndarástæðum*

Eva Ruza nýr velgjörðasendihera

Eva Ruza Miljevic gerðist nýr velgjörðasendihera SOS Barnaþorpanna þann 12. desember. Fyrir í hópi sendiherra SOS voru Eliza Reid, Hera Björk Þórhallsdóttir og Rúrik Gíslason og bætist Eva í þennan glæsilega hóp. Eva Ruza er fjölhæfur og landspektur skemmtikraftur, eiginkona og tveggja barna móðir. Hún kemur úr stórri og samheldinni fjölskyldu sem öll styrkir börn hjá SOS Barnaþorpunum.

Það er sannur heiður að taka við þessari útnefningu og því sem felst í því að vera velgjörðasendihera SOS Barnaþorpanna. Ég hef í mörg ár verið SOS-foreldri og á nú tvö börn úti í heimi sem eiga fallett líf í SOS barnaþorpinu sínu, og því stendur þessi titill nálægt hjarta mínu. Ég hlakka til að halda áfram að deila þessu fallega starfi sem SOS Barnaþorpin vinna og vona að flestir taki eftir," sagði Eva við þetta tilefni.

Vilborg kveður

Um leið og við bjóðum Evu Ruzu velkomna í hópinn viljum við færa Vilborgu Örnu Gissurardóttur okkar einlægustu þakkir fyrir hennar framlag sem velgjörðasendihera SOS. Við hjá SOS Barnaþorpunum erum stolt og þakklát Vilborgu fyrir þetta góða samstarf sem við áttum í slétt tíu ár eða síðan í lok árs 2013.

Safnað fyrir Gaza

Mikil neyð ríkir meðal barna og fjölskyldna þeirra á Gaza í Palestínu vegna árásar Ísraels-hers eftir að hryðjuverkaárás var gerð þaðan á Ísrael 7. október. Tugþúsundir hafa látið lífið, stór hluti þeirra börn, og fjöldi barna misst foreldra sína. SOS á Íslandi hratt af stað neyðarsöfnun fyrir SOS Barnaþorpin í Palestínu vegna neyðaraðgerða fyrir börn og fjölskyldur þeirra á Gaza. 9,5 milljónir króna voru sendar til SOS í Palestínu á árinu og skiptist upphæðin úr neyðarsjóði og úr söfnun sem hélt svo áfram og stendur enn yfir á árinu 2024.

Með aðgerðum okkar hjálpum við fjölskyldum sem orðið hafa viðskila að sameinast á ný og tökum að okkur börn sem misst hafa foreldra sína. Við veitum börnum áfallahjálp og hlúum að geðheilsu þeirra eftir þær miklu hörmungar sem þau hafa upplifað. Þessi þáttur er ekki alltaf í forgangi á neyðar- og hamfarasvæðum en við viljum leggja mikla áherslu á andlega heilsu barna, því við vitum hve miklu máli hún skiptir fyrir framtíð þeirra. Einnig dreifum við matvælum, vatni og öðrum nauðsynjum til fólks á svæðinu í samstarfi við önnur virt, sjálfstæð og vottuð hjálparsamtök. SOS Barnaþorpin hafa verið til staðar fyrir munaðarlaus og yfirgefin börn í Palestínu frá 1968 og í Ísrael frá 1977.

Þriggja ára stúlka í áfalli fannst ein og fylgdarlaus á Gaza

Amina* er þriggja ára stúlka sem fannst ráfandi um ein og fylgdarlaus við eftirlitsstöð á Gaza í Palestínu í desember. „Litla stúlkann var í alvarlegu sálarænu áfalli, slösuð og haldin miklum ótta og kvíða. Við teljum að Amina hafi orðið vitni að einhverju hræðilegu sem kom fyrir fjölskyldu hennar og við greindum hana með það sem kallað er tímabundið málleysi af þessum völdum,“ segir Hanane*, sálfræðingur í SOS barnaþorpinu í Rafah sem er á Gaza. Talið er að allt að 25 þúsund börn á Gaza hafi misst annað eða báða foreldra sína í stríðinu.

Farið var með Aminu á sjúkrahús þar sem gert var að sárum hennar og í kjölfarið kom hún í SOS barnaþorpið í Rafah. SOS Barnaþorpin í Palestínu gerðu samkomulag við UNICEF um að taka á móti 55 fylgdarlausum börnum sem hafa misst foreldra sína eða orðið viðskila við þá í stríðinu á Gaza. Amina er eitt af þeim börnum og bætast þau í hóp þeirra rúmlega 70 barna sem fyrir bjuggu í barnaþorpinu í Rafah.

Sýndi miklar framfarir á einni viku

Þrátt fyrir mjög viðkvæmt sálarástand Aminu í upphafi tók það skamman tíma fyrir litlu stúlkuna að ná sýnilegum bata. Aðeins einni viku eftir að hún kom í barnaþorpið var Amina farin að leika sér við önnur börn í þorpinu, sérstaklega við börnin sem búa í sama húsi með henni. Hún deildi meira að segja leikföngum með hinum börnunum og fór út í garð að leika.

„Við tókum eftir því að hún var farin að upplifa sig öruggari og hún er nú orðin mun færari að fást við það áfall sem hún lenti í. Við höldum áfram að huga að andlegri heilsu stúlkunnar út frá persónumiðuðum þörfum hennar,“ segir sálfræðingurinn.

**Ekki eru gefin upp rétt nöfn Aminu og Hanane í þessari frásögn af persónuverndarástæðum.*



Stríð í Súdan

Stríð braust út í Súdan í apríl og þurfti að rýma barnaþorpið í höfuðborginni Khartoum. Naumlega tókst að koma börnum og starfsfólki á brott og mátti það ekki tæpara standa því hersveitir yfirtóku barnaþorpið degi síðar. Alls eru 88 börn og ungmenni á framfæri barnaþorpsins og eiga 82 þeirra SOS-foreldra á Íslandi. Þeim var tilkynnt um breyttar aðstæður styrktarbarna þeirra. 68 barnanna eru búsett í barnaþorpinu í Khartoum og var þeim öllum komið í öruggt skjól ásamt starfsfólki og fjölskyldum þess, alls 92 manns. SOS barnaþorpið í Khartoum er staðsett nálægt höfuðstöðvum uppreisnarhersins RSF. Ljóst er að börnin og fjölskyldur þeirra í barnaþorpinu hafa upplifað mikla skelfingu þennan dag.

Héldum að við yrðum drepin

Börnin voru öll flutt við illan leik í öruggt skjól utan höfuðborgarinnar. Þar reyna þau að ná áttum og jafna sig eftir að hafa séð og upplifað hræðilega hluti sem ekkert barn ætti að þurfa að sjá og upplifa. Raunar glíma þau mörg við alvarlegar sálarlegar afleiðingar þessa áfalls og þurfa aðstoð sérfræðinga.

„Þetta var hræðileg reynsla“, segir forstöðumaður SOS Barnaþorpsins í Karthoum. Þar vísar hann til þess þegar skotbardagar áttu sér stað rétt utan við barnaþorpið. „Satt best að segja héldum við að við yrðum drepin í þessum átökum. Þetta var algjör martröð. Sem betur fer áttum við nægar birgðir þegar átökin brutust út. Börnin höfðu alltaf nóg að borða. Það var samt erfiðara með vatnið. Pípulagnir og vatnstankur skemmdust í átökunum og við þurftum að sækja vatn út fyrir barnaþorpið, sem var bæði erfitt og hættulegt.“

Átökin í Súdan stigmögnuðust eftir því sem leið á árið og hefur skólahald legið niðri í landinu. Börnin úr barnaþorpinu hafa verið flutt á milli staða til að tryggja öryggi þeirra en þau hafa ekki komist í skólann síðan átökin brutust út.

Þróunar- og mannúðarverkefni

Fagmennska í neyðaraðgerðum skiptir öllu máli og lúta SOS Barnaþorpin ströngu eftirliti alþjóða-samtaka SOS Children's Villages sem hlotið hafa hina alþjóðlegu CHS vottun sem neyðarhjálparsamtök með tilheyrandi ströngum verkferlum og eftirliti. SOS Barnaþorpin eru í grunninn ekki neyðarhjálparsamtök en ítrekað verða hamfarir af ýmsu tagi nálægt starfsstöðvum SOS, enda útbreiðsla samtakanna mjög mikil. Með áratuga reynslu og dygga styrktaraðila kemur því ekki annað til greina en að veita neyðaraðstoð í slíkum tilvikum. Leggja samtökin mesta áherslu á að hjálpa þeim börnum sem misst hafa eða orðið viðskila við foreldra sína í hamförunum. Heildarframlög SOS á Íslandi til slíkra verkefna á árinu voru um 44 milljónir króna.

Meðal neyðarverkefna í fjármögnun 2023

- Neyðaraðstoð á Gaza í Palestínu
- Neyðaraðstoð í Marokkó vegna jarðskjálfta
- Neyðaraðstoð vegna flóða í Pakistan
- Neyðaraðstoð vegna fellibyls í Malaví
- Neyðaraðstoð vegna stríðsins í Úkraínu

SOS Barnaþorpin á Íslandi fjármagna einnig langtíma verkefni í formi umbóta- og þróunarstarfs víða um heim, öll í þágu barna og ungmenna.

Eftirtöld verkefni voru í fjármögnun á árinu 2023.

- Fjölskylduefning í Eþíópíu, Rúanda og Malaví.
- Verkefni gegn kynferðislegri misneytingu á börnum í Tógó
- Atvinnuefning ungmenna í Sómalíu og Sómalílandi



Skólamál

Sólblómaleikskólar

Sólblómaleikskólar SOS Barnaþorpanna eru 20 talsins. Um er að ræða samstarfsverkefni SOS Barnaþorpanna og leikskóla á landinu þar sem við lærum um líf barna víðs vegar um heiminn, um réttindi barna og hvernig við getum hjálpast að við að gera heiminn að betri stað fyrir börn. Margir leikskólar styrkja eitt barn í SOS barnaþorpi eða styrkja samtökin á annan hátt, t.d. með söfnun. Leikskólarnir fá fræðsluefni fyrir leikskólabörnin á hverju ári.

Fræðsluefnið stuðlar að því að börnin á Sólblómaleikskólum öðlist þekkingu á aðstæðum barna í öðrum löndum. Börnin fræðast um önnur lönd og aðra menningarheima og læra hversu mikilvægt það er að bera virðingu fyrir öðrum þó svo að lífnaðarhættir og aðstæður séu öðruvísi en þau þekkja í sínu umhverfi. Í ár fengum við að kynnst Bosníu-Hersegóvínu.

Á hverju ári fá leikskólarnir send til sín sólblómfræ til að sá. Sólblómin eru tákni verkefnisins því sólblóm og börn eru ekki svo ólík, bæði þurfa næringu og umönnun til að vaxa og dafna.

Öðruvísi jóladagatal

SOS á Íslandi stóð fyrir Öðruvísi jóladagatali áttunda árið í röð. Líkt og síðustu ár stóð dagatalið öllum til boða en var sérstaklega kynnt fyrir grunnskólum landsins. Dagatalið fékk frábærar viðtökur og tóku um 60 skólar á landinu þátt. Í dagatalinu í ár heimsóttum við m.a. Epíopíu, Makedóníu, Jórdaníu, Bosníu og Líbanon. Við fengum að kynnst börnum þaðan sem sýndu okkur m.a. hvernig þau verja frítíma sínum. Samhliða dagatalinu fórum við af stað með söfnun sem börnin gátu tekið þátt í en öll framlög sem söfnuðust fara í fjölskyldueflingu SOS Barnaþorpanna í Rúanda.

Framlög barna og ungmenna

Á hverju ári styrkja börn á Íslandi samtökin með ágóða af skemmtilega fjölbreyttum fjáröflunarleiðum. Meðal slíkra framlaga má nefna jólamarkað nemenda á starfsbraut Fjölbreyttaskólans í Breiðholti þar sem þau söfnuðu kr. 88.800 fyrir fjölskyldueflingu SOS í Rúanda. Nemendurnir bökuðu og fönnduðu fallegar gjafir sem þau seldu gegn vægu verði. Þau kíktu svo í heimsókn á skrifstofuna til okkar með ágóðann.

Einnig ber að nefna ungan dreng sem hjólaði um hverfi borgarinnar til að selja sælgæti til styrktar SOS Barnaþorpunum. Þá tóku nokkrir einstaklingar þátt í Reykjavíkumaraþoninu og söfnuðu um leið áheitu fyrir SOS. Við þökkum þessum einstaklingum og öllum þeim sem heimsóttu okkur á árinu kærlega fyrir þeirra framlag til SOS Barnaþorpanna.

Hjördís Rós Jónsdóttir

Fræðslufulltrúi SOS Barnaþorpanna á Íslandi



Nemenendur á starfsbraut Fjölbreyttaskólans í Breiðholti héldu jólamarkað og söfnuðu kr. 88.800 fyrir fjölskyldueflingu SOS í Rúanda.



Álfaheiði er einn af sólblómaleikskólum SOS Barnaþorpanna. Krakarnir í leikskólanum koma á hverju ári með framlag vegna styrktarbarns síns.

Tekur árið 2023

799,9

milljónir króna


Skipting tekna 2023 í milljónum króna	
Tekjuliður	m. kr
Framlög SOS-foreldra og barnaþorps- og fjölskylduvina	475,8
Frjáls framlög, fjáraflanir og fyrirtækjasamningar	148,7
Opinber framlög	97,4
Húsaleigutekjur	3
Fjármagnstekjur og gengishagnaður/(tap)	74,9
SAMTALS	799,9

Gjöld árið 2023

766,5

milljónir króna

Skipting gjalda 2023 í milljónum króna	
Tekjuliður	m. kr
Framlög send úr landi	624,1
Stuðningur við verkefni innanlands	1,9
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	140,3
SAMTALS	766,5



Ítarlegra yfirlit um fjármál SOS Barnaþorpanna á Íslandi má sjá í ársreikningnum sem einnig er aðgengilegur á heimasíðunni [sos.is](https://www.sos.is).

9.052



Styrktarbörn
Íslendinga í 107
löndum

10.284



Íslendingar styrktu starf
SOS Barnaþorpanna með
mánaðarlegu framlagi

579



Lögaðilar styrktu
SOS Barnaþorpin
á árinu

20.857



Einstaklingar styrktu SOS
Barnaþorpin á árinu

843 kr



Rekstrarkostnaði er haldið í lágmarki. 843 krónur af hverju 1.000 króna framlagi renna í sjálft hjálparstarfið.

Ársreikningur er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og endurskoðandi samtakanna er Deloitte. Á vefsíðu okkar er ársreikningur birtur og höfum við gert slíkt til margra ára í því skyni að tryggja bæði eftirlit og gagnsæi. SOS Barnaþorpin leggja mikið upp úr gagnsæi í fjármálum og kappkosta að upplýsa styrktaraðila um alla þætti starfsins, þ.m.t. hvernig framlögum þeirra er ráðstafað og hve stór hluti þeirra fer í umsýslu.

Hlutfall skrifstofu- og stjórnunarkostnaðar á árinu var 17,5% sem er fyrir neðan viðmið okkar um 20% þak. Þegar leiðrétt hefur verið fyrir launakostnaði í tengslum við erlend- og innlend verkefni nemur kostnaðarhlutfallið 15,7%. Þetta þýðir að á árinu 2023 runnu 843 krónur af hverju eitt þúsund króna framlagi í sjálft hjálparstarfið sem er 17 krónu hækkun frá fyrra ári.

Pitt framlag

Þegar SOS-foreldri greiðir framlag til SOS Barnaþorpanna ábyrgjumst við að 85% fari í framfærslu barna í barnaþorpunum okkar. 15% af umsýslukostnaði er m.a. ráðstafað í eftirlit, öflun nýrra styrktaraðila og þjónustu við núverandi styrktaraðila. Af framlagi SOS-fjölskylduvina fara að lágmarki 80% í fjölskyldueflinguna sjálfa en 20% í ut anumhald. Ástæðan fyrir hærri umsýslukostnaði í fjölskyldueflingu er að eftirlit með þeim verkefnum er flóknara en þar náum við til fleiri barna á verkefnatímanum.

Bókhald á hverju heimili

Áætlanir eru mikilvægar til að samtökin viti um kostnað í hverju landi og því þarf hver SOS móðir/faðir í barnaþorpi að gera áætlun um útgjöld. Þannig vitum við hversu miklu þarf að safna fyrir viðkomandi fjölskyldu. SOS-foreldrar greiða kostnað við upphald barnanna og rekstur heimilisins. Allir reikningar sem SOS móðir/faðir greiðir eru færðir í bókhaldskerfi og þurfa samþykki yfirmanns.

Hvaða leið fer fjármagnið?

Þegar styrktaraðili á Íslandi gefur vilyrði fyrir styrk er framlagið merkt viðkomandi styrktarbarni, barnaþorpi eða verkefni. Í hverjum mánuði eru upplýsingar um hversu háa upphæð við höfum vilyrði fyrir frá styrktaraðilum settar í miðlægt kerfi samtakanna í Austurríki. Barnaþorpin senda upplýsingar um fjárþörf út frá sínum áætlunum inn í kerfið og eru þessar upplýsingar keyrðar saman. Þegar fjármagnið er komið á bankareikning SOS á Íslandi er það millifært til alþjóðaskrifstofu SOS Barnaþorpanna innan sex mánaða.

Er hætta á spillingu?

Þrátt fyrir gagnsæi og að ferlar séu til staðar verður hætta á misferli ekki útrýmt. En með öllum þeim aðgerðum sem framkvæmdar eru, er verið að lágmarka áhættu eins og kostur er. Í siðareglum SOS Barnaþorpanna er skýrt tekið fram að spilling verður aldrei liðin innan samtakanna. Við störfum m.a. í löndum þar sem spilling er hluti af efnahagskerfinu og jafnvel hluti af menningunni. Slíkt flækir störf samtakanna þar sem við gerum ríka kröfu um heiðarleika. Tækniframfarir hafa gert okkur kleift að rekja framlögin betur en áður, í hvert barnaþorp og til hvers barns. Við höfum lent í því að skrifræðið hefur hægt á umbótum en þrátt fyrir það höldum við okkar striki og gefum engan afslátt af eftirliti.

Rakel Lind Hauksdóttir
Fjármálastjóri

SOS fólkið á Íslandi 2023

Starfsemi SOS Barnaþorpanna á Íslandi miðar að því að afla styrktaraðila fyrir hjálparstarf samtakanna í yfir 130 löndum í Mið- og S-Ameríku, Afríku, Asíu og A-Evrópu. Einnig er þjónusta við styrktaraðila stór og mikilvægur þáttur í starfseminni hér á landi. Á skrifstofu SOS á Íslandi starfa átta manns, fjórir í fullu starfi og fjórir í hlutastörfum. Stöðugildi hjá SOS Barnaþorpunum voru að meðaltali 5,7 á árinu 2023 en voru 5,6 árið 2022.

SOS-aðildarfélagar

Lagabreyting tók gildi hjá SOS Barnaþorpunum á Íslandi árið 2022 sem gerir styrktaraðilum kleift að skrá sig sem félag í samtökunum. Félagar greiða 2.500 króna árgjald og öðlast rétt til að sitja aðalfundi, bjóða sig fram til stjórnar og kjósa á aðalfundi. Breytingin fól m.a. í sér að fulltrúaráð SOS var lagt niður og hafa aðildarfélagar nú tekið yfir hlutverk þess. Aðildarfélagar SOS Barnaþorpanna á Íslandi voru 159 talsins í árslok.

Tilnefningarnefnd

Tilnefningarnefnd var sett á laggirnar á árinu. Stjórn SOS Barnaþorpanna á Íslandi velur þrjá einstaklinga til setu í tilnefningarnefnd samtakanna. Einn þeirra skal vera úr stjórn samtakanna en hinir tveir utan stjórnar og óháðir bæði stjórn og stjórnendum. Tilgangur nefndarinnar er að tilnefna einstaklinga til aðal- og varamanna í stjórn samtakanna, með hagsmuni samtakanna að leiðarljósi. Stjórn samtakanna skal setja tilnefningarnefnd starfsreglur.

(Í samræmi við grein 7.9 í samþykktum SOS).

Starfsfólk (5,7 stöðugildi):

Ragnar Schram, framkvæmdastjóri

Rakel Lind Hauksdóttir, fjármála- og fjáröflunarstjóri

Hans Steinar Bjarnason, upplýsingafulltrúi

Katrín Guðlaugsdóttir, þjónustufulltrúi

Auður Ösp Gylfadóttir, þjónustufulltrúi í 60% starfi

Hjördís Rós Jónsdóttir, fræðslufulltrúi í hálfu starfi

Helga Bára Bragadóttir, sérfræðingur í hálfu starfi

Þorsteinn Garðarsson, verktaki, kerfisfræðingur frá Textor ehf

Sigurlaug Halldórsdóttir, bókarí í 10% starfi

Stjórnarmeðlimir:

Kristján Þ. Davíðsson - formaður

Hildur Hörn Daðadóttir

María F. Rúriksdóttir

Ólafur Örn Ingólfsson

Þorsteinn Arnórsson

Velgjörðasendiherrar SOS Barnaþorpanna á Íslandi

Eliza Reid

Eva Ruza Miljevic

Hera Björk Þórhallsdóttir

Rúrik Gíslason

Ungmennaráð SOS 2022

Anna Lára Fossdal

Brynhildur Anna Gunnarsdóttir

Embla Guðmundsdóttir

Katrín María Ragnarsdóttir

París Anna Bergmann

Thelma Dórey Pálmadóttir

Thelma Ósk Eiríksdóttir

Rannveig Lilja Sigurðardóttir

Nína Þorbjörg

Tilnefningarnefnd

Hildur Hörn Daðadóttir, stjórnarmaður

Ingibjartur Jónsson

Thelma Kristín Kvaran



TAKK

20.857 ÍSLENDINGAR
og **579** lögaðilar
fyrir stuðninginn árið **2023**



SOS
BARNAÞORPIN